

# Ferðamál á Íslandi

Bókarhöfundar: **Edward Hákon Huijbens** og **Gunnar Þór Jóhannesson**.

Bókarheiti: **Ferðamál á Íslandi**.

Gagnrýnandi: **Ólöf Ýrr Atladóttir**, ferðamálastjóri.

Útgáfa: **Mál og menning, Reykjavík 2013, 323 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Niðurstaðan er því ritverk sem er höfundum sínum til sóma. Hér er borin á borð metnaðarfull og ákaflega áhugaverð lesning um ferðamál fyrir lesendur sem hafa einhverja innsýn í atvinnugreinina, vilja kynnst henni frekar og hafa gaman af því að lesa slíka texta með gagnrýna hugsun að vopni.“

Vaxandi vægi íslenskrar ferðaþjónustu í atvinnulífi og samfélagsþróun á undanförunum árum hefur leitt til þess að æ meiri athygli hefur beinst að þessari ungu atvinnugrein. Skeggrætt er um mikilvægi hennar fyrir þjóðarbúið, sem og um með hvaða hætti unnt er að búa svo um hnútana að hún eflist í sátt við land og þjóð til framtíðar. Hingað til hefur hins vegar skort á að til reiðu sé aðgengilegt efni þar sem edli og inntaki atvinnugreinarinnar er lýst fyrir þá sem áhuga hafa á að taka þátt í mótun hennar.

Það er því löngu tímabært að út komi almennt fræðirit á íslensku um ferðaþjónustuna, þar sem farið er í saumana á forsendum þróunar atvinnugreinarinnar, uppbyggingu hennar og þau álitamál sem upp geta komið í umræðu um stöðu hennar nú og til framtíðar. Þessi útgáfa er því fagnaðarefni.

Höfundar fara þá leið að skipta ritinu upp í þrjá hluta, þar sem fyrsti hluti gefur yfirsýn um stöðu ferðaþjónustunnar gagnvart íslensku hagkerfi, skipulagi og stjórnsýslu; annar hluti setur ferðamál og umhverfi í samhengi; og sá þriðji fjallar um ferðamál í tengslum við menningu. Almenn hugtök eru skýrð sem og helstu þróunarferlar í atvinnugreininni.

Í efnistöku er þetta þannig metnaðarfullt rit og höfundar leggja sig í líma um að efnið sé sett fram á læsilegan hátt. Afraksturinn er almennt fræðirit um unga og að mörgu leyti ómótaða atvinnugrein, sem tekur mið af íslenskum aðstæðum í nálgun höfunda.

Hér er um að ræða yfirgripsmikið verk sem fer víða, veitir góða innsýn í þá þætti



sem móta ferðþjónustuna sem atvinnugrein og gerir það að langmestu leyti vel. Margir kaflar eru stórfróðlegir aflestrar og veita góða inn sýn í grunnstoðir og grundvallarhugtök. Sérstaklega er áhugavert að lesa kafla sem varða ferðamál í tengslum við umhverfi og menningu, þar sem bæði eru gefnar fróðlegar upplýsingar um mótunaröfl þessara tengsla og lesendum gefin töl í hendur til að leyfa upplýsingunum að velkjast áfram í huganum, rekast á og tengjast með nýjum hætti og verða þannig upphaf nýrra hugleiðinga um það gagnkvæma samband sem ferðþjónustan á í við allt umhverfi sitt.

En metnaðurinn til þess að skila heildarmynd ber stundum efnistösk og úrvinnslu ofurliði. Umfjöllun um tengsl ferðþjónustu og samfélags er á nokkrum stöðum gloppótt og svolítið samhengislaus og þar skína viðhorf höfunda of skýrt í gegn til að efnistökin geti orðið grunnur fræðilegrar umfjöllunar. Sömuleiðis er eins og ekki sé alltaf unnið nógu vel úr ályktunum og framtíðarsýn höfunda, þannig að heildarsýnin á þessa hluta ritsins verður ögn flautursleg. Heimildanotkun er sum staðar óljós og það rýrir fræðigildi ritsins nokkuð.

Ferðþjónustan er ef til vill öðrum atvinnugreinum fremur mörkuð af athöfnum manna, lífsgildum þeirra og lífsviðhorfum sem lita samfélög hverju sinni. Þróun ferðþjónustunnar verður þannig ævinlega í sterkum tengslum við mýmörg pólitísk álitamál á hverjum tíma. Það er því líkast til illmögulegt að skrifa yfirlitsrit um þessa atvinnugrein án þess að einstaklingsbundin sjónarmið þeirra skíni í gegn, sem lifa og hrærast í vangaveltum um stöðu atvinnugreinarinnar. Þessi annmarki verður því jafnframt styrkur ritsins, því að fátt er heilbrigðara en að þurfa að beita gagnrýnni hugsun á fræðilegt lesefni og geta jafnvel átt í innri rökræðum við höfunda um leið og lesið er.

Niðurstaðan er því ritverk sem er höfundum sínum til sóma. Hér er borin á borð metnaðarfull og ákaflega áhugaverð lesning um ferðamál fyrir lesendur sem hafa einhverja innsýn í atvinnugreinina, vilja kynnast henni frekar og hafa gaman af því að lesa slíka texta með gagnrýna hugsun að vopni. Ég átti í það minnsta góðar stundir við lesturinn og er afar þakklát höfundum fyrir þetta mikilvæga framlag þeirra til faglegrar umræðu um framtíðaruppbyggingu þessarar mikilvægu atvinnugreinar.